

## Úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja hjá Flóamennt þróunar og símenntunarsjóður

Eflingar / Hlífar / Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og ríkisins / endurhæfingarmiðstöðva / dvalar- og hjúkrunarheimila. Sjóðnum er ætlað að styrkja félagsmenn Eflingar-stéttarfélags, Hlífar og VSFK við að sækja sér menntun sem í boði er á almennum fræðslumarkaði.

### Lýsing

Hámarksstyrkur á ári fyrir allar tegundir styrkja (nám, námskeið, ferðir) er 130.000 kr. ef félagsmaður á full réttindi í sjóðnum. Annars í hlutfalli við vinnu sl. 12. mánuði.

Hámarksstyrkur á ári fyrir tómstundastyrki er 30.000 kr. ef félagsmaður á full réttindi í sjóðnum. Annars í hlutfalli við vinnu sl. 12. mánuði. **Upphæðin er hluti af 130.000 kr. hámarksstyrknum.**

Aldrei er greitt meira en 75% af námskeiðskostnaði. Bókakostnaður, kostnaður v/ prófa og skólafélags-/nemendafélagsgjöld eru ekki endurgreidd. Athugið aðeins er styrktur bóklegi hluti ökunáms (ekki ökutímar).

*Félagsmenn sem vinna hjá einkafyrirtækjum og sækja til Starfsafls geta til viðbótar við almennt- og starfstengt nám sótt um styrki fyrir eftirfarandi:*

*Áhugasviðsgreiningar sem teknar eru undir handleiðslu náms- og starfsráðgjafa.*

*Efniskostnaður sem telst til hluta skólagjalda í framhaldsskóla en undanskilin eru öll gjöld sem teljast valfrjáls, s.s. skóla- og nemendafélagsgjöld. Hér ber að undirstrika að þetta á aðeins við þar sem efnisgjöldin eru hluti af skólagjöldum í framhaldsskóla.*

*Prófa- og skírteinisgjöld sem órjúfanlegur hluti af námi /námslokum t.d. bílpróf.*

*Starfstengd markþjálfun sem nemur að hámarki 12 tímum innan almanaksárs. Á reikningi verður að koma fram að þjálfunin sé starfstengd, fjöldi tíma og staðfesting á ACC vottun markþjálfva.*

Félagsmenn sem hafa greitt samfelld til félagsins sl. 3 ár og ekki nýtt sér rétt sinn til styrks geta átt rétt á styrk allt að 390.000 kr. fyrir eitt samfelld starfstengt nám samkvæmt nánari reglum sjóðsins.

*Áréttað er að félagsmaður hefur 3 mánuði til að skila inn umsókn eftir að hann hættir að vinna og greitt er fyrir nám/námskeið sem hófst á meðan umsækjandi greiddi til félagsins.*

**Undantekningar frá almennum reglum:**

Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um endurgreiðslu vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð, að hámarki 75% þeir sem starfa hjá einkafyrirtækjum og að hámarki 90% þeir sem starfa hjá hinu opinbera.

Félagsmenn hjá hinu opinbera geta sótt um allt að 90% endurgreiðslu vegna starfstengds náms tengt þeirra núverandi vinnu. Staðfesting frá yfirmanni þarf að fylgja umsókn.

## Skilyrði

### **Til að fá styrk:**

Þarf félagsmaður að hafa greitt í 6 mánuði af síðustu 24 mánuðum og að hafa verið félagsmaður þegar nám var greitt.

Félagsmaður hefur 3 mánuði til að skila inn umsókn eftir að hann hættir að vinna en verður að hafa verið í félaginu þegar námið var greitt.

### **Með umsókn skal skila:**

Frumriti reiknings sem er á nafni félagsmanns þar sem fram kemur nám/námskeiðslýsing, nafn og kennitala fræðsluaðila. Ef ekki kemur fram staðfesting á greiðslu á reikningi þarf að skila til viðbótar staðfestingu á greiðslu, t.d. úr heimabanka eða greiðslukvittun frá viðkomandi skóla/fyrirtæki.

Félagsmenn sem eru á skrá hjá Vinnumálastofnun þurfa einnig að skila inn staðfestingu um styrkuppþæð frá stofnuninni með umsókn, óháð hvort þeir fengu styrk eða ekki.

Vegna umsóknar um styrk fyrir nám eða námskeið sem tekið er erlendis þarf að leggja fram frumrit reiknings á upprunalegu tungumáli og á ensku, staðfestingu á greiðslu úr heimabanka og eins þarf að vera sundurliðuð kostnaðarskipting.

Reikningur má ekki vera eldri en 12 mánaða.